

Skólaráðsfundur 2. maí 2018

Fundargerð

Mættir: Fulltrúar nemenda; Árni Karl og Hekla María, fulltrúar foreldra; Guðrún Ásgeirsdóttir, Helga Tryggvadóttir og Páll Friðbertsson, fulltrúi kennara; Edda Júlía Helgadóttir, Eva Jóhannesdóttir fulltrúi starfsmanna, og stjórnendur Guðrún Bára Gunnarsdóttir, Hanna Sóley Helgadóttir og Rannveig Andrésdóttir.

1. Skóladagatal 2018-2019. Rannveig fór yfir skóladagatal næsta skólaárs og útskýrði það fyrir fundarmönnum. Skóladagstalið var samþykkt samhljóða.
2. Undirbúningur fyrir næsta skólaár er í fullum gangi. Nemendur í grunnskólahluta eru áætlaðir um 190, í leikskólahluta 64, og frístund gæti farið í 100 börn. Búið er að ráða í flestar stöður í grunnskólanum en enn vantar kennara í heimilisfræði og textílmennt. Leikskólinn er fullmannaður fram yfir sumarfrí.
3. Framkvæmdir eiga að hefjast á norðvesturhluta grunnskólalóðarinnar og suðvesturhluta leikskólalóðarinnar í maí, þar sem skipt verður út og bætt við leiktækjum.
4. Í sumar verður boðið upp á sumarfrístund fyrir 1.-4.bekk frá 11.júní - 21.ágúst að undan skyldum 4 vikum í júlí (11.07 – 08.08) en þá er einnig sumarfrí í leikskólanum.
5. Á vegum Erasmus+ verkefnisins Eco Road voru hér sjö gestir vikuna 23. - 27. apríl við nám og störf.
6. Rannveig sagði frá námsferð Skólastjórnenda í Reykjavík til Kanada á vegum SFS.
7. Starfsfólk Ártúnsskóla er að fara til Brighton í náms- og kynnisferð dagana 09.-13. maí. Þar tökum við þátt í útkennslunámskeiði og núvitundarnámskeiði auk þess að fara í skólaheimsóknir bæði í leik- og grunnskóla.

Fundarritari
Rannveig Andrésdóttir